

## Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS150434

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 28. apríl 2014 skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dags. 28. apríl 2014 og endanlegum skilmálum dags 17. apríl 2019. Fyrrgreind skjöl má nálgast á starfsstöð útgefanda og á vefsíðu hans, sem er: [www.lanasiodur.is](http://www.lanasiodur.is).

<b>Útgefandi</b>	Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
<b>Ábyrgð útgefanda</b>	Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétttháar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.
<b>Auðkenni</b>	LSS150434.
<b>ISIN númer</b>	IS0000020691.
<b>Tilgreind mynt</b>	ISK.
<b>Nafnverð seldra bréfa</b>	ISK 1.670.000.000.
<b>Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð)</b>	[Á ekki við]
<b>Áður útgefið</b>	ISK 46.842.152.565.
<b>Stærð flokks skv. núgildandi heimild</b>	ISK 65.000.000.000 að nafnvirði.
<b>Dagaregla</b>	30E/360.
<b>Nafnverðseiningar</b>	ISK 1.
<b>Útgáfudagur</b>	17. apríl 2019
<b>Fyrsti vaxtadagur</b>	15. október 2011.
<b>Tegund bréfs</b>	Verðtryggt jafngreiðslubréf.
<b>Vextir</b>	3,75% fastir verðtryggðir ársvextir.
<b>Tíðni afborganna og vaxta</b>	Tvisvar á ári, 15. apríl og 15. október ár hvert.
<b>Fyrsta greiðsla</b>	15. apríl 2012.

PS 0.0

Fjöldi vaxtagreiðslna og 45.  
afborgana

Lokagjaldsdagi 15. apríl 2034.

**Verðtrygging og grunnvísitala** Skuldabréf þetta er bundið dagvísitölu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 387,1 (VNV 1. apríl 2012).

**Ávöxtun á söludegi** Ávöxtunarkrafa dags 16. apríl 2019 var 2,02% og sölugengi 102,494221.

**Útreikningur ávöxtunar** Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins sé jafnt söluverðinu.

**Taka til viðskipta** Sótt hefur verið um að skuldabréf að fjárhæð 1.670.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 23. apríl 2019.

**Uppgreiðsluheimild** Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.

**Víkjandi ákvæði** Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.

**Hlunnindi** Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.

**Verðbréfamiðstöð** Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 23. apríl 2019. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili söluunnar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur 0,15% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK 115.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 2.716.713. Að auki greiðir lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK 62.500 fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. ásamt áriegu markaðstengdu gjaldi sem nemur 0,001% af markaðsvirði skuldabréfaflokksins hverju sinni.


Verðmæti seldra skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 1.711.653.491.

Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar ISK 1.708.936.777.

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 17. apríl 2019:

  
sem hefur til þess fullt umboð